

Eystrahorn

41. tbl. 40. árgangur

Fimmtudagurinn 24. nóvember 2022

www.eystrahorn.is

Öræfi, þörf fyrir uppbyggingu í einstöku sveitasamfélagi

Með lækandi sól, eykst tíminn fyrir tölvuskrif. Síðasta vor var Kex framboð stofnað og gekk ég til liðs við þau þar sem að Kex tók skýra afstöðu með dreifbýli sveitarfélagsins og uppbyggingu innan þess. Við íbúar í Öræfum búum lengst frá þéttbýli sveitarfélagsins, allt að 140 km og getum því stundum verið aftengd því sem gerist þar og þeirri góðu þjónustu sem boðið er uppá á Höfn.

Þegar ég flutti í Öræfin sem lítil stelpa árið 1998 bjuggu hér 109 íbúar en í dag eru 228 skráð með lögheimili hér. Og þá eru undanskilin öll þau sem starfa hjá umfangsmiklum fyrirtækjum á svæðinu sem eru með lögheimili annars staðar. Það má því ætla að í Öræfum séu að meðaltali 350 manns á ársgrundvelli. Sú tala er svo töluvert hærri yfir sumartímann. Þrátt fyrir þessa miklu aukningu íbúa hefur þjónusta á svæðinu lítið breyst á síðustu 25 árum. Ég tel mikla þörf á að byggja upp í Öræfum til að gera svæðið enn meira aðlaðandi sem búsetukost. Sem

stendur er engin íþróttaaðstaða til staðar fyrir íbúa sveitarinnar. Börn í Öræfum æfa klifur í Káraskjóli sem er aðsetur björgunarsveitarinnar Kára. Þar fer einnig fram almennt starf björgunarsveitarinnar og hýsir húsið björgunarsveitabíla og slökkvibíl en ásamt því eru taldar dósir í húsinu. Það gefur augaleið að slíkur staður er hvorki ákjósanlegur né ásættanlegur fyrir íþróttaiðkun barna eða fullorðinna til lengri tíma. Ég tel það brýnt að byggt verði fjölnota íþróttahús við Hofgarð á Hofi.

Það er mikilvægur þáttur í lýðheilsu íbúa og félagslífi að geta hist í hópíþróttatíma eða ræktarsal til að rækta félagslegu hliðina jafnhliða þeirri líkamlegu. Fjölnota íþróttahús myndi nýtast öllum íbúum og börnum Öræfa til íþróttaiðkunar, hvort sem það er blak, körfubolti, klifur eða lóðalyftingar. En eins myndi húsið nýtast fyrir kennslu í fjallamennskunámi FAS, ráðstefnuhöld, námskeið og veislur svo eitthvað sé nefnt.



Innanhúss íþróttaaðstaða Öræfinga í Káraskjóli, en Klifurfélag Öræfa er eitt 6 klifurfélaga á landinu. Hér æfa börnin klifur sem og fullorðnir. Á veturna er húsið að jafnaði opið fjögur kvöld í viku.

Í húsinu væri einnig hægt að útbúa skrifstofurými og gætu þau fjölmörgu fyrirtæki sem starfa í Öræfum búið til vinnustað saman. Þetta myndi einnig gagnast starfsmönnum sveitarfélagsins sem þurfa oft að taka vinnudag í Öræfum vegna framkvæmda hér en hafa til þess ekkert aðsetur.

Ég vona að önnur framboð í

sveitarfélaginu taki undir þá stefnu sem Kex stendur fyrir og að við getum öll hjálpast við að gera sveitarfélagið sem heild að ákjósanlegum búsetustað fyrir enn fleiri.

*Íris Ragnarsdóttir Pedersen
skipar 9unda sæti Kex, er íbúi
í Öræfum, leiðsögumaður og
kennari við fjallamennskunám
FAS.*

Húsfyllir á afmælishátíð Svavars Guðnasonar

Haldin var hátíð í tilefni 113 ára afmælis Svavars Guðnasonar föstudaginn 18. nóvember í fyrsta sinn eftir Covid. Áður en vírusinn takmarkaði skemmtanahald voru oft haldnir tónleikar í safninu á afmælisdegi hans, en nú hefur sú hefð verið enduruppvakin, og spilaði Ekubandið inn í listasalnum við mikinn fögnuð gesta. Eftir tónleikana vísaði safnvörður fólki um ráðhúsið og sagði frá stöku málverkum. Í ráðhúsinu er mikið af verkum í eigu safnsins, eftir þekkta íslenska listamenn á borð við Ásgrím Jónsson, Jón Þorleifsson og auðvitað Svavar Guðnason, og líka verk eftir Hornfirðinga og aðra sem tengjast Austur-Skaftafellssýslu með einhverjum hætti.

Þó nokkuð viðburðahald var í Svavarssafni þessa vikuna miðað við vanalega, en leikfélag Hornafjarðar leiklas Gullna hliðið á miðvikudeginum í tilefni degi íslenskrar tungu.



**Höfum opið á laugardögum fram að jólum frá
kl. 13:00-15:00.**

Jólavörur streyma í hús, Starleds led úti seríur.

Úrval af rúmum og göflum.

Jólailmurinn kominn í hús.

Verið velkomin

Húsgagnaval

Húsgögn og gjafavörur

Símar:

478-2535 / 898-3664



BJARNANESKIRKJA

Miðvikudaginn 30. nóvember
Hin árlega aðventustund
kl. 20:00

Samkór Hornafjarðar syngur jólalög
og sálma.

Ræður: Sigurjón Andrésson,
bæjarstjóri

Kaffi og kökur í Mánagarði að lokinni
aðventustund í boði sóknarnefndar.
Allir velkomnir



FÉLAGSSTARF FÉLAGS ELDRI HORNFIÐINGA

AFMÆLISHÁTIÐ Félags eldri

Hornfirðinga á Hafinu 1. desember 2022.

Húsið opnað með fordrykk kl. 18:30.

Hátíðadagskrá hefst kl. 19:30, matur,
skemmtun og ball.

Skemmtum okkur saman á 40 ára afmæli
félagsins!

LAUGARDAGINN 3. DES. VERÐUR OPIÐ

HÚS í Ekru kl. 14:00 – 17:00 þar sem

aðstaða félagsins verður til sýnis og fleira
skemmtilegt. Einnig boðið upp á veitingar.
Allir velkomnir.

FÉLAGSVIST Þriðja og síðasta kvöldið
fimmtudaginn 10. nóv. kl. 20:00 í Ekru.

AFMÆLISFAGNAÐUR 1. DES. Munið að skrá
ykkur fyrir 15. nóvember hjá Guðbjörgu s:
692 2936 eða Lúcíu s: 866 8030.

Samfélagssjóður Hornafjarðar

Auglýsir umsóknarfrest vegna jólaaðstoðar.

Umsóknarfrestur til sjóðsins er til 9. desember nk.

Hægt er að fá umsóknareyðublöð á bæjarskrifstofunni
og þangað er útfylltum umsóknum skilað. Eða í netfangið: stigur.reynisson@kirkjan.is

Stjórn Samfélagssjóðs Hornafjarðar

The social fund of Hornafjörður publicizes the closing day for
applications to the fund.

The application deadline is on the 9th of December.

The application form is available at the town hall and completed
forms are to be returned at the same place.

Please point the fund out to friends and acquaintances who
might need assistance.

Or to the email address stigur.reynisson@kirkjan.is

Rithöfundakvöld Menningarmiðstöðvar Hornafjarðar



Fimmtudaginn 24. nóvember kl. 20 í Nýheimum

Að þessu sinni fáum við til okkar sex rithöfunda sem allir gefa út
bók fyrir þessi jólin. Viðfangsefni bókanna eru ólík og fjölbreytt
og því ættu allir að geta fundið eitthvað við sitt hæfi

- Arndís Þórarinsdóttir les upp úr barnabók sinni Kollhnís
- Arnþór Gunnarsson les upp úr bók sinni Félag unga fólksins. Saga Ungmennafélagsins Sindra 1934–1966
- Edda Falak les upp úr bók sinni Það sem ég hefði viljað vita
- Elísabet Jökulsdóttir les upp úr bók sinni Saknaðarilmur
- Emil Hjörvar Petersen les upp úr glæpasögu sinni Dauðaleit
- Steinar J. Lúðvíksson les upp úr bók sinni Skipin sem hurfu

Þess má geta að Elísabet Jökulsdóttir verður með gjörning á
Listasafninu ásamt safnverði kl. 16 þennan sama dag



BÓKASAFN
HORNAFJARÐAR



Þakkir

Við þökkum innilega auðsýnda samúð og
hlýhug við andlát og útför elsku móður okkar,
tengdamóður og ömmu,

Ingunnar Ólafsdóttur

Víkurbraut 29, Hornafirði

Sérstakar þakkir færum við starfsfólki
Skjólgarðs, heimaþjónustu Sveitarfélagsins
Hornafjarðar og annarra þeirra sem komu að
umönnun hennar síðastliðin 25 ár..

Lovísa Bylgja Kristjánsdóttir

Anna Björg Kristjánsdóttir

Ivar Smári Reynisson

Jóna Benný Kristjánsdóttir

Kristinn Justiniano Snjólffsson

Fríðrik, Inga Kristín, Áróra Dröfn, Selma Ýr og Kristján Reynir.



Umsóknir - Styrkir

Ungmennasambandið Úlfjótur auglýsir eftir umsóknum í
styrktar- og afrekssjóð USÚ.

Umsóknir þurfa að berast í síðasta lagi
mánudaginn 12. desember.

Upplýsingar um hvað á að koma fram í
umsókninni og allar nánari upplýsingar eru
á www.usu.is.



Svalbarð 5 • Sími: 848-3933

Útgefandi: HLS ehf.
Ritstjóri og
ábyrgðarmaður: Tjörvi Óskarsson
Netfang: tjorvi@eystrahorn.is

Profarkalestur: Guðlaug Hestnes
Umbrot: Tjörvi Óskarsson
Prentun: Litlaprent
ISSN 1670-4126

Körfuknattleiksdeild Sindra

Það má með sanni segja að körfuboltinn hafi farið af stað með látum þetta tímabilið. Mikil uppbygging hefur átt sér stað síðustu ár og er hún að skila því að aldrei hafa fleiri börn æft körfubolta á Höfn. Meistaraflokkur karla er sem stendur í öðru sæti 1. deildar aðeins tveimur stigum á eftir Álftanesi sem situr í fyrsta sæti. Lið Sindra gerði sér þó lítið fyrir og sigraði Álftanes í Ice lagoon höllinni síðastliðinn föstudag þar sem stemningin var gríðarleg í stúkunni. Heimavöllurinn hefur verið algjörlega frábær það sem af er tímabili og hafa á bilinu 130 – 200 manns mætt á leikina og er umtalað hve erfitt sé að mæta Sindra á heimavelli.

Umgjörðin utan um körfuboltann er mikil og eru starfandi tvær stjórnir, stjórn meistaraflokks karla og stjórn yngri flokka sem stofnuð var í haust og er skipuð 6 stjórnarmönnum sem komu inn með miklum krafti. Í stjórn meistaraflokks sitja Elías Tjörvi Halldórsson, Skúli Ingibergur Þórarinsson, Þórgímur Tjörvi Halldórsson, Björgvin Hlíðar Erlendsson og Jakob Guðlaugsson. Í yngri flokka stjórn sitja Jóhanna Íris Ingólfsdóttir, Janine Arens, Finnur Smári Torfason, Guðrún Erla Sumarrós Víðisdóttir, Sigrún Ólöf Björgvinsdóttir og Hjálmar Jens Sigurðsson. Fjárhagur meistaraflokks og yngri flokka er algjörlega aðskilinn en stjórnirnar vinna mikið saman og hefur samvinnan gengið afar vel. Deildin hefur fengið hrós fyrir hversu vel er haldið utan um heimaléiki og hversu vel sé gert við yngri flokka á þeirra leikjum. Þá er deildin einu skrefi frá því að geta sótt um að verða fyrirmyndardeild ÍSÍ og vonumst við eftir því að geta tekið við þeirri viðurkenningu fyrripart nýs árs.

Yngriflokkastarfið hefur verið á blússandi siglingu síðustu ár.

Alls eru 6 hópar sem æfa, allt frá leikskólábörnum upp í 15. ára aldur. Hjá yngriflokkum starfa 8 þjálfarar og tveir til viðbótar aðstoða í leikskólalöngum. Deildin leggur upp með að það séu alltaf tveir þjálfarar á hverri æfingu til þess að auka gæði og umgjörð æfinganna. Allir þjálfarar fyrir utan þá þrjá sem eru að stíga sín fyrstu skref sem aðstoðarþjálfarar, eru með háskólamenntun og/eða þjálfaramenntun í körfubolta frá KKÍ eða erlendis frá. Deildin er því afar rík hvað varðar gæði þjálfara og hefur það sýnt sig á þeim mótum sem yngri flokkar hafa tekið þátt í það sem af er vetri, þar sem börnin hafa staðið sig með mikilli þrýði. Umtalað hefur verið þar sem liðin mæta hversu miklum framförum liðin hafa tekið og hversu vel börnin eru að spila. Þá er einnig mikil áhersla lögð á þann uppeldisþátt að virðing sé í hávegum höfð, hvort sem það sé innan vallar eða utan.

Aðeins um þjálfarana okkar

Israel Martin þjálfari meistaraflokks karla sinnir starfi yfirþjálfara yngriflokka sem og að þjálfara tvo elstu flokkana. Israel er þrautreyndur þjálfari. Hann er með hæstu gráðu þjálfaramenntunar og hefur meðal annars starfað sem þjálfari í FIBA Europe cup og verið aðstoðarþjálfari hjá landsliði í Danmörku þar sem hann var einnig valinn þjálfari ársins. Þá viðurkenningu hefur hann einnig hlotið tvisvar sinnum hér á Íslandi. Hann er þjálfari U18 og U20 landsliða Íslands ásamt því að þjálfar hjá Sindra. Israel fluttist til Íslands með fjölskyldu sinni árið 2014 og þjálfaði á Sauðárkróki og hjá Haukum áður en hann koma til okkar í Sindra. **Guillermo Sánchez** heldur utan um þjálfun barna á aldrinum 8 - 11 ára sem og að sinna



Einn af yngri flokkum Sindra í körfubolta

styrktarþjálfun elstu flokkanna. Hann er leikmaður meistaraflokks Sindra og kemur frá Spáni en síðastliðin 6 ár hefur hann spilað og þjálfað yngriflokka í Salzburg í Austurríki við góðan orðstír. Hann er menntaður íþróttafraeðingur með mastersgráðu í stjórnun innan íþróttahreyfinga sem og réttindi og þjálfaragráðu í körfubolta. **Kristján Örn Ebenezerson** heldur utan um og stýrir þjálfun yngstu barnanna. Kristján hefur þjálfað fyrir körfubolta deildina í mörg ár og hefur mikla reynslu sem þjálfari auk þess að vera menntaður íþróttakennari og íþróttasálfræðingur. Þeim til aðstoðar eru Auðunn Hafdal, Margrét Kristinsdóttir, Oscar Alexander Teglgård Jørgensen, Rimantas Daunys, Kacper Ksepko, Hilmar Óli Jóhannsson og Maríus Máni Jónsson. Auk þeirra þjálfara sem starfa hjá yngri flokkum starfa hjá meistaraflokkum þau Auðunn Hafdal, aðstoðarþjálfari og Svafa Mjöll Jónasar en hún sinnir styrktarþjálfun.

Í október héldum við okkar árlega yngriflokkamót Nettó fyrir börn á aldrinum 6-11 ára sem þótti takast afar vel. Á mótið komu lið

frá Egilsstöðum, Breiðdalsvík og Kirkjubæjarklaustri og Vík og var virkilega gaman að sjá liðin koma svona langt að og hversu mikið mótið hefur vaxið á síðustu árum. Önnur lið sýndu mótinu einnig áhuga og er það víst að við eigum fullt erindi í að halda stærri mót í framtíðinni. Það er því virkilega gaman að sjá körfuboltalífið á Höfn vaxa og dafna og hversu frábær skemmtun er að mæta í Ice lagoon höllina og sjá meistaraflokk karla spila fyrir fullri stúku. Liðið er einkar vel samsett af gæða leikmönnum sem eru frábærar fyrirmyndir fyrir yngri iðkendur okkar. Við hvetjum því alla til þess að mæta í Ice lagoon höllina næst komandi föstudaginn þegar Sindri tekur á móti ÍA og upplifa þá frábæra stemningu og skemmtun sem strákarnir okkar bjóða upp á. Einnig tökum við fagnandi á móti þeim sem vilja gerast sjálfbóaliðar fyrir deildina og vinna að ýmsum verkefnum með okkur og að sjálfsgöðu þeim sem vilja styrkja deildina að einhverju leyti.

Sjáumst í Ice lagoon höllinni - Áfram Sindri!



Meistaraflokkur Sindra

Bæjarmálafundur

Sjálfstæðisfélag A- Skaft boðar
til bæjarmálafundar
laugardaginn 26. nóv n.k. frá
kl. 11 - 13 í húsi félagsins að
Kirkjubraut 3.
Allir velkomnir
Bæjarfulltrúar og stjórn.

D

Hugleiðingar um skipulagsmál

Skipulagsmál eru eitt af stóru verkefnum sveitarstjórna og ef til vill það vandasamasta. Að loknum kosningum skal hver og ein sveitarstjórn, samkvæmt skipulagslögum, meta hvort ástæða sé til að endurskoða aðalskipulag viðkomandi sveitarfélags.

Nýkjörin bæjarstjórn í Sveitarfélaginu Hornafirði hefur metið þetta og ákveðið að endurskoða skuli gildandi aðalskipulag sveitarfélagsins. Ástæða er til þess að fagna þessari ákvörðun og vænti ég þess að almennt verði vandað til verka við þessa vinnu m.a. með því að horfa til langs tíma, taka sem flesta valkosti til skoðunar, eiga gott samstarf og samráð við okkur íbúa.

Undirritaður er íbúi í Sveitarfélaginu Hornafirði og er áhugamaður um skipulagsmál og vill gjarnan leggja sitt af mörkum til þess að örva skoðanaskipti og umræður um skipulagsmál sveitarfélagsins. Af fundargerðum Umhverfis- og skipulagsnefndar, bæjarráðs og bæjarstjórnar má ráða að vinna við endurskoðunina sé hafin. Í fundargerðunum er ekki að finna upplýsingar um hvað hefur verið gert nú þegar annað en að ákveðið var að halda vinnufund í október og fyrirbyggjandi er minnisblað dags. 27. okt. 2022 unnið af ráðgjafafyrirtækinu ALTA: „Íbúðabyggð á Höfn, möguleg viðbrögð við lóðaskorti og atriði til skoðunar“. Í minnisblaðinu er annars vegar fjallað um leiðir til þess að bregðast

við lóðarskorti á Höfn og hins vegar að móta sýn til lengri tíma í þróun bæjarins. Til þess að bregðast við núverandi lóðarskorti leggur ALTA til að deiliskipuleggja lóðir á IB5 norðan tjaldsvæðisins. Í minnisblaðinu er greint frá því að samkvæmt nýlegum athugunum sé Leirusvæði 2 ekki tækt til þess að byggja á. Hvað varðar sýn til lengri tíma er tiltekið að æskilegt sé að væntanleg byggð á IB5 teygji sig nær Sílavíkinni en gildandi aðalskipulag gerir ráð fyrir og að finna þurfi heppileg not fyrir Leirusvæði 2. Mér kemur á óvart að búið sé að úrskurða Leirusvæði 2 óbyggilegt. Svæðið er sama leiran og Leirusvæði 1 sem nú er fullbyggt af einbýlis- og fjölmúsum. Ég átta mig ekki á hvers vegna ekki er hægt að grunda hús á Leirusvæði 2 á sama hátt og gert hefur verið á Leirusvæði 1 með góðum árangri. Að hverfa frá því að byggja íbúðir á Leirusvæði 2, að virðist, á grundvelli órökstuddra fullyrðinga er ekki verjandi. Minnisblaðið er rýrt hvað snertir ábendingar um valkosti í endurskoðun á skipulagi fyrir Höfn og gagnast því lítt sem innlegg í umræðu um stefnumarkandi ákvarðanir. Áður en lengra er haldið í skipulagsvinnunni þarf að skyggjast um vítt og breitt með þátttöku sem flestra m.a. íbúa. Í þessu sambandi eru eftirtaldir ábendingar um valkosti sem eðlilegt er að taka til vandaðrar athugunar í endurskoðunarferlinu:

- 1) Að endurnýja ekki leigusamning á tjaldsvæðisreitnum og skipuleggja hann fyrir íbúðabyggð.
- 2) Að gera ráð fyrir landfyllingu í Sílavík og skipuleggja íbúðabyggð þar. Líkur eru á að Sílavíkin verði þurr eftir 10-15 ár að óbreyttu m.a. vegna landris (1,5 cm/ár).
- 3) Að skipuleggja lóðir fyrir atvinnustarfsemi austan Hafnarbrautar sunnan vegarins út á Ægissíðu. Engar slíkar lóðir eru nú lausar til úthlutunar norðan hafnarinnar og skorta mun lóðir innan tíðar m.a. vegna þungaflutninga, vörumiðlunar og verslunar með þungavöru. Æskilegt að minnka sem mest akstur þungaflutningabifreiða um íbúðabyggð.

Af fundargerðum er ekki að sjá að vinnufundur sem ákveðið var að halda í október hafi verið haldinn og þess vegna ekki unnt að hafa skoðun á afurð hans. Eins og ég tilgreini hér að framan vænti ég þess að bæjarstjórnin muni leggja áherslu á að eiga gott samstarf og samráð við okkur íbúa við endurskoðun á gildandi skipulagi samkvæmt ákvörðun sinni frá 25.10.2022. Til þess að þetta gangi eftir þarf að ætla verkefninu tíma og eflaust mun einhverjum þykja vinnugangurinn of tímafrekur en þá ríður á að hafa hugfast að lýðræðið tekur tíma.

Höfn í nóv. 2022
Ari Jónsson




Jobs at the recycling centre in Höfn

The Municipality of Hornafjörður is looking for two persons for a full-time job in recycle sorting and processing of waste for landfills. The persons need to be able to start working soon.

The jobs include tasks involved in sorting recyclables, i.e. paper and plastic, and preparing them for transport. The jobs also include processing waste for landfills, however, an emphasis is put on promoting increased recycling and reducing waste in landfills.

Workers assist those bringing waste to the recycling area and are expected to provide excellent service. Various other tasks may also be required, but that depends on each day's workload.

Machinery rights (right to operate forklifts) are an advantage.

The jobs are suitable for all genders, but the preferred age is 20 years or older.

Qualification requirements:

- Machinery rights (small) preferred.
- Proficiency in Icelandic and/or English.
- Excellent service and independence at work.
- Positivity, communication skills and good health.

Salaries are paid according to contracts made by the salary committee of the Icelandic Association of Local Authorities with the unions of FOSS BSRB or AFL.

The application deadline is on the 9th of December.

Written applications, with a resume, should be sent to the e-mail afgreidsla@hornafjordur.is and stefan@hornafjordur.is. For more information about the jobs please contact Stefán Aspar Stefánsson via the same e-mail or call 470-8007.

Sveitarfélagið Hornafjörður / Hafnarbraut 27 / S: 4708000 / www.hornafjordur.is




Störf á Móttökustöð á Höfn

Sveitarfélagið Hornafjörður auglýsir eftir tveimur einstaklingum í fullt starf við flokkun á endurvinnsluefnum og móttöku úrgangs. Viðkomandi þurfa að geta hafið störf fljótlega.

Verkamenn við sorpmóttöku sinna þeim verkefnum sem koma að flokkun á endurvinnsluefnum, s.s. pappa og plasti, og undirbúningi þeirra til flutnings ásamt móttöku á úrgangi til urðunar. Áhersla er lögð á að auka endurnýtingu og draga úr úrgangi til urðunar.

Verkamenn leiðbeina þeim sem koma með úrgang á móttökusvæðið og er áhersla lögð á ríka þjónustulund. Ýmis önnur tilfallandi verkefni fylgja störfunum en þau fara eftir aðstæðum og álagi hverju sinni.

Vinnuvélaréttindi (lyftarapróf) er kostur.

Starfið hentar öllum kynjum en æskilegur aldur er 20 ára eða eldri.

Hæfniskröfur:

- Vinnuvélaréttindi (lítill) æskileg.
- Íslensku- og/eða enskukunnátta.
- Framúrskarandi þjónustuvilji og sjálfstæð vinnubrögð.
- Jákvæðni, samskiptahæfni og heilsuhreysti.

Laun eru greidd samkvæmt samningum Launanefndar Sambands íslenskra sveitarfélaga við FOSS BSRB eða Afl Starfsgreinafélag.

Umsóknarfrestur er til og með 9. desember næstkomandi.

Skriflegar umsóknir, ásamt ferilskrá, skulu berast á netfangið afgreidsla@hornafjordur.is og stefan@hornafjordur.is en nánari upplýsingar um störfin veitir Stefán Aspar Stefánsson, verkefnastjóri umhverfismála, í gegnum sama netfang eða í síma 470-8007.

Sveitarfélagið Hornafjörður / Hafnarbraut 27 / S: 4708000 / www.hornafjordur.is

Hef alltaf séð Höfn í sterku, dulúðugu ljósi

„Já, það er þrælgaman,“ segir Elísabet Jökulsdóttir, listamaður vikunnar, aðspurð hvort henni finnst gaman að taka þátt í jólabókaflóðinu. „Þetta er svo máttulegt og ekkert yfirþyrmandi. Gaman að hitta lesendur og Guðrún Sóley Gestsdóttir var skemmtilegur spyrill á kvöldi í Bókasafni Kópavogs um daginn, þar sem hún var greinilega þrællesin í bókunum og spurði svona inní og útúr þeim. Ég ætti svo kannski að hafa upplestur í Melabúðinni.“

Gisti í fangaklefa á Höfn

Elísabet les upp á höfundakvöldi í Nýheimum í kvöld ásamt Eddu Falak, Emil Hjörvari Petersen, Arndísi Þórarinsdóttur og Arnþóri Gunnarssyni. Aðspurð hvort hún hafi áður komið á Höfn kemur Elísabet með óvænta játningu.

„Ég hef gisti í fangaklefa á Höfn í Hornafirði, ég man samt ekki hvort ég gisti en ég var sett inn. Ég og vinur minn höfðum brotið umferðarreglur með því að keyra drukkin sem ég lít á sem glæp. Sem betur fer vorum við handtekin. En ég hef alltaf séð Höfn í rómantísku ljósi, svona sterku og dulúðugu.“

„Mér er meinilla við jökla og dýrka þá að sama skapi,“ bætir hún við. „Ég hef gengið

yfir skriðjökul af Vatnajökli, Brúarjökul, og það kom mér gjörsamlega á óvart. Á jöklinum voru skúlptúrar úr sandi og jökullinn talaði stöðugt eins og teiknimyndafígúra, hviss, búmm, sjang, hviss. En ég ber mikla virðingu fyrir jökulum, ég á líka son sem heitir Jökull og tvíburabróðir hans Garpur klifraði einu sinni ofan í jökulsprungu til að ná í vettlinginn sinn.

Manneskjulegur gjörningur á Svavarssafni

Elísabet ætlar ekki bara að lesa upp meðan hún heimsækir Höfn heldur verður hún einnig með gjörning í Svavarssafni ásamt safnverði.

„Ég og fyrrum kosningastjóri minn, Snæbjörn Brynjarsson, erum vís til alls, þá meina ég frumlegra, skemmtilegra og manneskjulegra gjörninga. Við ætlum að vera með gjörning í safninu, mest af öllu vildi ég vera með gjörning út frá Vatnajökli en tíminn er naumur og ég þyrfti að vera held ég mánuð á Höfn til að kynna jöklinum eitthvað.“

Saknaðarilmur hefur hlotið mikið lof og tilnefningar til verðlauna, nú þegar. Einn þekktur bókmenntarýnir kallaði hana bestu



bók skáldkonunnar hingað til. Aðspurð hvort hún sé með aðra bók í smíðum svarar Elísabet:

„Já, ég er með næstu bók í smíðum. Hún er um bernskuna, undur hennar og þetta frjósama tímabil sem bernskan getur verið og ber í sér, bernskan ber í sér frjövgun fyrir sálina en sálin þarf á frjövgun að halda öðruhverju í lífinu.“

Umboðsmaður

Höfn í Hornafirði

Óskum eftir umboðsmanni fyrir flöskumóttöku á Höfn í Hornafirði. Hentar vel fyrirtækjum á rölegum tímum, félagasamtökum í fjáröflun eða einstakling sem leita að aukastarfi.

Getum útvegað 40 feta gám ef óskað er eftir.

Upplýsingar í síma 5888522/8605103 eða á netfanginu evhf@evhf.is

Flöskumóttaka
Endurvinnslan



Hornafjarðarhöfn Hafnsögumaður

Umhverfis- og skipulagssvið Sveitarfélagsins Hornafjarðar auglýsir eftir hafnsögumanni við Hornafjarðarhöfn. Hafnsögumenn starfa við hafnsögu skipa og skipstjórn á Birni Lóðs. Auk þess sinna þeir almennum hafnarvarðaverkefnum við höfnina.

Menntun og reynsla

- Skipstjórnarréttindi 2. stig
- Vélstjórnarréttindi 1. stig
- Góð almenn tölvukunnátta
- Löggilding vígtarmanns er kostur
- Þekking á innsiglingunni góður kostur

Hæfni

- Sjálfstæði í vinnubrögðum
- Skipulagshæfileikar, og nákvæmni við skráningu gagna
- Jákvæðni, ríkuleg þjónustulund og hæfni í mannlegum samskiptum
- Vandvirkni og nákvæmni í öllum störfum
- Góð almenn tölvukunnátta

Leitað er eftir einstaklingum sem eru reglusamir og snyrtilegir. Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst. Konur jafnt sem karlar eru hvött til þess að sækja um starfið. Laun skv. kjarasamningi Launaneftdar sambands sveitarfélaga við Félag opinberra starfsmanna á Suðurlandi eða Afl starfsgreinafélag.

Upplýsingar um starfið veitir: Vignir Júlíusson forstöðumaður
Hornafjarðarhöfn í síma 897 1681 og netfang vignirj@hornafjordur.is
Umsóknarfrestur er til og með 6. desember 2022.
Umsóknir ásamt ferilskrá sendist á vignir@hornafjordur.is

Sveitarfélagið Hornafjörður / Hafnarbraut 27 / S: 4708000 / www.hornafjordur.is

HEL OG HEIM AFTUR

HEL OG HEIM AFTUR er samsköpunarsýning í óhefðbundnu leikrými sem gerð er í samstarfi við Aron Martin og Elísabetu Skagfjörð hjá Smáleikhúsinu.

Sýningin er 15 mínútna ferðalag í gegnum einhvers konar Undirheima þar sem við kynnumst þeim verum og vattum sem þar eru.

Sýnt er laugardaginn 26. nóvember frá kl 17:00 - 21:30 í Gömlu Sundlauginni.

ATH. 5-6 sýningagestir komast að í einu og er hleypt inn á 30 mínútna fresti
Síðasta sýning hefst kl 21:30

ADGANGUR ER ÓKEYPIS

SÝNINGARTÍMAR 17:00 - 17:30
18:00 - 18:30 - 19:00 - 19:30
20:00 - 20:30 - 21:00 - 21:30

Bókunir á facebooksiðu Leikfélagið Hornafjörður
& leikfelaghornafjardur@gmail.com



JÓLAÞORP KIWANIS

Kiwanisklúbburinn Ós verður með árlega Jólatréssölu ásamt lakkris og kertum frá kirkjunni.

Í ár höfum við fengið með okkur nokkra aðila til að stytta skammdegið með jólaandann að leiðarljósi.

Eins og undanfarin ár verðum við hjá bílplaninu við Nettó.

Körfuknattleiksdeild Sindra verður með marineraða jólasíld og dýralæknirinn verður með jólahundanammi og jólaglögg.

Slysavarnarfélagið Framtíðin verður með ýmislegt jólamagafóður.

Hirðingjarnir verða með margskonar varning eins og við þekkjum. Hver veit nema farið verði með jólakver?

Dagþjónustan verður með ýmislegt á prjónunum ásamt Natösjú sem bíður upp á heimagerð kerti og fleira.

Tímasetning á opnun Jólaþorps verður svohljóðandi:

Helgina 26. - 27. nóvember (fyrsti í aðventu) verður opið frá 13:00 til 16:00

Helgina 3. - 4. desember verður opið frá 13:00 til 16:00

Helgina 10. - 11. desember verður opið frá 13:00 til 16:00

Helgina 17. - 18. desember verður opið frá 13:00 til 16:00

Svo verður opið frá 17:00 til 19:00 alla virka daga frá 19.-22. desember fram að Þorláksmessu en þá er opið 14:00 til 17:00.

